

STARFSSKÝRSLA 2012
SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA
Júní 2013



Svínanes í Múlasveit

Mynd: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Forsíðumynd:

Á Svínanesi stendur bærinn mót suðri á öndverðu nesinu á milli Skálmarfjarðar og Kvígindisfjarðar. Bærinn fór í eyði árið 1959. Á Svínanesi hafði Geirmundur heljarskinn svín sín í hagagöngu og dregur nesið nafn sitt þar af.

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 210. gr. laga nr. 126/2011 á þann veg að í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., tvívegis í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra, og í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni menningarminja.

Vegna fullgildingar Árósasamningsins var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 22. gr. laga nr. 131/2011 þannig að við 6. gr. laganna bættist ný málsgrein, svohljóðandi: Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Með nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, 134. gr., var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt þannig: Í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Á árinu rann út fjögurra ára tímabil starfandi nefndar og skipaði Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra í nýja nefnd þann 10. október 2012. Ráðherra vék frá tilnefningum sveitarfélaganna í Vestur-Barðastrandarsýslu og

Héraðsnefndar Snæfellinga með því að skipa tilnefnda aðalmenn sem varamenn og tilnefnda varamenn sem aðalmenn. Þessu mótmæltu sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur og lögðu fram harðorða bókun þar að lútandi á fundi Breiðafjarðarnefndar 23. nóvember 2012.

Fyrri hluta ársins var Breiðafjarðarnefnd skipuð eftirtöldum fulltrúum:

- Guðríður Þorvarðardóttir formaður, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Úlfar B. Thoroddsen, framkvæmdastjóri.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Halla S. Steinólfsdóttir, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, byggingameistari, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Trausti Baldursson, líffræðingur.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.

Ritari Breiðafjarðarnefndar er Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Samkvæmt skipunarbréfi, dags. 10. október 2012, sitja eftirfarandi fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd:

- Halla S. Steinólfsdóttir bóndi, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir landfræðingur.
- Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Þórólfur Halldórsson sýslumaður.
- Eiríkur Snæbjörnsson bóndi, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Signý Magnfríður Jónsdóttir bóndi.
- Sigurður Þórólfsson bóndi, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Huguína Hjartardóttir bókavörður.
- Erla Friðriksdóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Ásgeir Gunnar Jónsson byggingameistari.
- Trausti Baldursson forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Róbert A. Stefánsson forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur.

Ritari Breiðafjarðarnefndar er Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt sex nefndarfundi auk vettvangsferðar á árinu 2012 og voru fimm þeirra haldnir í Stykkishólmi og einn fundur haldinn í Flókalundi í Vatnsfirði.

Auk hefðbundinna nefndarfunda fundaði Guðríður Þorvarðardóttir, formaður með Svandísi Svavarsdóttur umhverfis- og auðlindaráðherra, og afhenti henni starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2011. Fundurinn var haldinn í umhverfisráðuneytinu í **júní** 2012.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í [Viðauka I.](#)


Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2012 námu 7,8 millj. kr., sem var hækkun á fjárlögum milli ára í fyrsta sinn síðan árið 2009. Árið 2011 hafði nefndin 7,2 millj. kr. á fjárlögum.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2012

Fjárheimild ársins 2012	7.800.000	
Samstarfssamningar:		
Samningur við Náttúrustofu Vestfjarða vegna örnefnaskráninga		500.000
Samningur við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna verndaráætlunar		1.000.000
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2011		868.968
Akstur, flug, bílaleigubílar og dagpeningar		1.885.895
Annar kostnaður vegna funda		120.300
Útgáfa		
Háskólsetur Snæfellsness - Bæklingur um hlunnindi og nytjar á Breiðafirði		500.000
Kostnaður vegna vettvangsferðar:		
Gisting, bátar, veitingar og akstur		746.900
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		2.067.697
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		23.332
Auglýsingar		6.925
Vextir, bætur, skattar		2.664
Opinber gjöld		73.384
	Alls	7.800.000
		7.796.065
	Rekstrarafgangur	3.935

Á árunum 2003 til 2009 hækkaði fjárheimild Breiðafjarðarnefndar örlítið frá ári til árs en lækkaði síðan 2010 og 2011. Árið 2003 nam heimildin 6,7 millj. kr., árið 2004 6,9 millj. kr., árið 2005 7 millj. kr., árið 2006 7,4 millj. kr., árið 2007 7,8 millj. kr., árið 2008 8,1 millj. kr. og árið 2009 var hún 8,4 millj. kr. Fjárheimild nefndarinnar árið 2010 lækkaði hins vegar og var 7,9 millj. kr., árið 2011 var hún 7,2 millj. kr. og árið 2012 7,8 millj. kr. Ef fjárveitingar hefðu fylgt launavísitölu frá árinu 2003 hefði fjárveiting ársins 2012 átt að nema rúmum 12,0 millj. kr. en var samkvæmt fjárlögum 7,8 millj. kr.



Starfsemi á árinu 2012

Í starfsemi Breiðafjarðarnefndar á árinu 2012 voru mörg innsend erindi vegna skipulagsmála. Nefndin fjallaði um vegagerð við fjörðinn norðanverðan, en nefndinni barst m.a. tillaga að matsáætlun um Vestfjarðarveg nr. 60 og gerði nefndin að tillögu sinni að leiðir B1, H og I fari í mat á umhverfisáhrifum. Þá voru til umfjöllunar mál er varða skráningu örnefna í Dalabyggð. Framkvæmd skráningar og kortlagning örnefna er í umsjón Náttúrustofu Vestfjarða.

Verndaráætlun

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar.

Undir lok árs 2012 var ákveðið að ganga til samninga við Náttúrufræðistofnun Íslands um vinnu við að ljúka tillögugerð að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð. Búast má við að lokið verði við þá vinnu á árinu 2013 og að Breiðafjarðarnefnd geti þá lagt tillögu sína að nýrri verndaráætlun fyrir ráðherra til staðfestingar.

Helstu verkefni

Á árinu 2012 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um erindi sem nefndinni bárust. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I](#). Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II](#).

Örnefna- og fornleifaskráning

Í desember 2009 hófst samstarf Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vestfjarða um um skráningu örnefna í Dalabyggð og upplýsti forstöðumaður stofunnar nefndina um framgang verkefnisins reglulega. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að haldið verði áfram vinnu við skráningu örnefna og var samningurinn við Náttúrustofu Vestfjarða endurnýjaður í árslok 2010, 2011 og aftur 2012. Á næsta ári er að vænta skýrslu um skráningu örnefna og kortlagningu þeirra.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður - Náttúra og saga“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds af ferðaþjónustuaðilum við Breiðafjörð.

Undir lok ársins gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Háskólaasetur Snæfellsness vegna vinnu við gerðar bæklinga um hlunnindi og hlunnindanyttjar á Breiðafirði. Bæklingurinn verður gefinn út á árinu 2013.

Vettvangsferð 5. júlí 2012 með norðurströnd Breiðafjarðar frá Stað á Reykjanesi vestur að Brjánslæk

Mættir voru Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Magnús A. Sigurðsson auk Pálma Freys Sigurgeirssonar ritara nefndarinnar. Þorleifur Eiríksson og Guðríður Þorvarðardóttir forfölluðust en fyrir Guðríði mætti Sesselja Bjarnadóttir sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og alþjóðamála í umhverfisráðuneytinu. Þá voru fimm gestir með í för.

Nefndin kom saman við Staðarhöfn á Reykjanesi í Reykhólahreppi. Þaðan var siglt kl. 9:00 fimmtudaginn 5. júlí með Súlunni, farþegabáti Eyjasiglingar undir skipsstjórn Björns Samúelssonar. Meðferðis var auglýsing Vegagerðarinnar um drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, auk draganna sjálfra með yfirlitsmyndum og teikningum sem lýsa framkvæmdinni, leiðavali sem er til athugunar, framkvæmdasvæðinu, skipulagi og lagalegri umgjörð o.fl.

Ákveðið var að haga siglingunni þannig að hún nýttist sem best til að meta þá vegkosti sem um er að ræða, en vegna legu þeirra fjarri núverandi vegi er hægst að meta þá af sjó þaðan sem besta yfirsýnin yfir vegstæðin stendur til boða.

Frá Staðarhöfn var siglt inn Þorskafjörð **með vesturströnd** Reykjanes. Hlíð Reykjanesfjalls er lítt snortin og undirlendi takmarkað. Eftir þessum hlíðarrótum er teiknuð leið I, sem innst liggur um land Hofstaða, þá Hlíðar og loks Laugalands.

Snúið var við á móts við Gröf og siglt út Þorskafjörð með strönd Hallsteinsness. Svonefndur Teigsskógur sem er utan við Grímkelsstaðaá blasti vel við, en veglína B1 er teiknuð við efri mörk hans. Teigsskógur er lítil jörð, líklega upp 50 hektarar, og er skóglendið Teigsskógur að mestu innan marka jarðarinnar. Af gömlum símastaurum sem liggja út Hallsteinsnes við efri mörk Teigsskógar er augljóst hversu lágvaxinn skóggróðurinn er. Við Grenitrésnes kemur þverun

Þorskafjarðar samkvæmt leið I að landi í Hallsteinsnesi. Á útleið var siglt fyrir landi þriggja eyðijarða; Grafar, Teigsskógs og Hallsteinsness, sem allar eru löngu farnar úr ábúð, en eru nýttar af eigendum til sumardvalar. Þessu næst var siglt að Ystey, sem er ysta eyjan í mynni Djúpaþfjarðar og tilheyrir jörðinni Grónesi, en þverun Djúpaþfjarðar af Hallsteinsnesi í Grónes samkvæmt leiðum B1, H og I er teiknuð nokkuð innan við Ystey. Áfram var siglt framhjá Grónesi, fyrir mynni Gufufjarðar þar sem fjörðurinn verður þveraður yfir í Melanes samkvæmt leiðum B1, H og I, og áfram með Melanesi og Skálanesi.

Frá Skálanesi var siglt fyrir mynni Kollafjarðar, Bæjarnes og mynni Kvígindisfjarðar og að landi við Kumbaravog á Svínanesi. Svínanes liggur á milli Kvígindisfjarðar og Skálmarfjarðar og er eyðijörðin Svínanes yst á nesinu, en einnig eru þar tóftir eyðibýlanna Svínanessels inn með Kvígindisfirði og Selskers inn með Skálmarfirði.

Frá Svínanesi var siglt inn Skálmarfjörð og inn fyrir Selsker þar til komið var á móts við þann stað sem talið er að kotbýlið Urðir á Urðarströnd á Skálmarnesi hafi staðið. Þar var stoppað um hádegisbil og snætt dýrindis hangikjöt frá Stað ásamt meðlæti.

Þessu næst var siglt út Skálmarfjörð og út fyrir Haugsnes og eyjar og sker sem tilheyra jörðum á Skálmarnesi eða Múlanesi eins og það er gjarnan nefnt.

Þegar komið var fyrir eyjarnar var siglt inn á Kerlingarfjörð með ströndum Fjarðar og að mynni Mjóafjarðar. Hafnar eru framkvæmdir á Vestfjarðavegi (60) frá Eiðinu og vestur að Þverá í Kjálkafirði. Gert er ráð fyrir að mynni Mjóafjarðar verði þverað og var siglt að þeim stað og aðstæður skoðaðar. Þaðan var siglt út Kerlingarfjörð með austurströnd Litlaness og fyrir Litlanesið inn á Kjálkafjörð innundir þann stað sem Kjálkafjörður verður þveraður, sem er nokkuð sunnan við Skiptá sem skiptir merkjum milli Vesturbyggðar og Reykhólahrepps.

Siglt var út með vesturströnd Kjálkafjarðar fyrir Hjarðarnes, umhverfis Engey í mynni Vatnsfjarðar, og inn á Vatnsfjörð innundir Helluhólma. Góð sýn fékkst á þessari leið á nýjan veg frá Þverá í Kjálkafirði um Hjarðarnes og Hörgsnes og inn með strönd Vatnsfjarðar að Þingmannaá.

Að þessu búnu var siglt í land á Brjánslæk. Við höfnina á Brjánslæk er eitt af upplýsingaskiltunum sem Breiðafjarðarnefnd hefur látið útbúa og komið fyrir við ferjuhafnirnar þar og í Stykkishólmi og Flatey.

Að morgni 6. júlí fundaði nefndin í Flókalundi og voru tekin fyrir drög Vegagerðarinnar að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, sem fyrr eru nefnd og dagsett eru 4. júlí 2012. Auk nefndarmanna og ritara sat Sesselja Bjarnadóttir fundinn. Var farið yfir sýn nefndarmanna á tillögurnar í ljósi

fyrri umfjöllunar nefndarinnar um vegagerð á þessu svæði og þeirrar skýru myndar sem nefndarmenn fengu af legu þeirra leiða sem um er að ræða í siglingunni daginn áður.

Í því ljósi var rætt að óþarft væri að jarðgöng samkvæmt leið D1 færu áfram í tillögu að matsáætlun, enda hafa bæði Breiðafjarðarnefnd og sveitarfélögin við norðanverðan Breiðafjörð andmælt því að Vestfjarðavegur liggja áfram yfir Ódrjúgsháls. Að auki hefur Breiðafjarðarnefnd talið að of mikil neikvæð umhverfisáhrif séu því samfara að leggja veginn yfir sjávarfitjarnar fyrir botni Djúpaþfjarðar og gera langan og mjög áberandi sneiðing út og upp Miðhúsahlíðina til að komast upp á Ódrjúgsháls.

Rætt var um að leggja til að leið B1 ofan Teigsskógar á Hallsteinsnesi með þverun Þorskafjarðar við Kinnarstaði verði bætt við sem einni þeirra leiða sem fari í matsáætlunina. Augljóst væri að hún uppfyllti best þær kröfur sem gerðar væru til láglendisvegur á þessum slóðum, hún væri mun ódýrari framkvæmd en ný leið I um austanverðan Þorskafjörð, auk þess sem hún væri tilgreind sem framtíðar vegstæði Vestfjarðavegar í nýsamþykktu aðalskipulagi Reykhólahrepps. Rætt var um að gera tillögu um það á fundinum 17. júlí nk. að leiðir B1, H og I yrðu þær leiðir sem færu í mat á umhverfisáhrifum. Fleira var ekki tekið fyrir á þessum fundi.

Frá Flókalundi var farinn landvegur til baka að Stað á Reykjanesi. Nú fékkst sjónarhorn af vegstæðum frá landi til mótvægis við sjónarhornið af sjó daginn áður. Ekið var niður í Kvígingisfjörð, fyrir Bæjarnes og að Bæ, þar sem húsráðendur buðu uppá kaffi og meðlæti. Að heimsókninni í Bæ lokinni var ekið sem leið lá til Reykhóla þar sem báta- og hlunnindasýningin var skoðuð og þaðan að Staðarhöfn þar sem ferðinni lauk um kl. 16:30.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð, skýrsluna „Örnefni í sjó á Breiðafirði“, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðar.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni þrjú viðaukar.

[Viðauki – I](#): Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 11-27

[Viðauki – II](#): Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 28

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2012 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í júní 2013

f.h. Breiðafjarðarnefndar

Halla S. Steinólfsdóttir

formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2013

124. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. mars 2012 í Stykkishólmi

Mætt: Guðríður Þorvarðardóttir formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þorleifur Eiríksson og Þórólfur Halldórsson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 123. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Hugsanleg tilkynning Breiðafjarðar til OSPAR-samningsins á lista yfir verndarsvæði í hafi

Umhverfisráðuneytið hyggst tilkynna Breiðafjörð inn á skrá OSPAR-samningsins um verndarsvæði í hafi, en OSPAR er samningur um vernd norðaustur Atlantshafsins, sem öll Evrópuríki sem eiga strandlengju að svæðinu eiga aðild að.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að áður en unnt er að leggja til að tilnefna Breiðafjörð inn á skrá OSPAR-samningsins, þurfi að skilgreina mörk verndarsvæðisins þannig að enginn vafi leiki á hver mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar séu skv. lögum um vernd Breiðafjarðar.

Drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar 2011

Drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar 2011 voru kynnt.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2012

Drög að fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar 2012 voru kynnt.

Vestfjarðavegur, Eiði-Þverá

Breiðafjarðarnefnd ræddi um veglínu og fyrirhugaða framkvæmd m.a. með tilliti til arnarvarps á svæðinu.

Drög að Örnefnaskráningu í Dalabyggð

Þorleifur lagði fram drög að skýrslunni „Örnefnaskráning í Dalabyggð. I. hluti – Ólafsdalur“. Drögin verða send til nefndarmanna til yfirlustrar.

Önnur mál

Bréf var kynnt frá Þróunarfélagi Snæfellinga. Þróunarfélagið hefur ákveðið að setja í gang verkefni að finna leiðir til þess að fjölga atvinnutækifærum og efla starfandi fyrirtæki og stofnanir á Snæfellsnesi. Verkefnið hefur fengið yfirskriftina „Atvinnulíf á Snæfellsnesi árið 2025“

Fundi var slitið kl. 14:10

Næsti fundur er áætlaður 11. apríl 2012.

125. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 24. apríl 2012 í Stykkishólmi

Mætt: Guðríður Þorvarðardóttir formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þorleifur Eiríksson og Þórólfur Halldórsson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 124. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Deiliskipulagstillaga við Tröllenda í Flatey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar á deiliskipulagstillögu við Tröllenda í Flatey.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir athugasemd við texta í greinargerð undir fyrirsögninni matsskylda þar sem segir að Flatey sé hluti af friðlýsingu Breiðafjarðar skv. sérlögum nr. 54/1995. Rétt er að segja að Flatey sé hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar. Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar.

Hönnun og vinna vegna göngustíga við Súgandisey

Stykkishólmsbær hefur ákveðið að láta lagfæra göngustíga og áningarstaði í Súgandisey við Stykkishólmi. Þörf er á bættri aðstöðu fyrir gesti eyjarinnar vegna aukins umgangs um eyjuna á undanförunum árum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áætlunum Stykkishólmsbæjar um lagfæringu göngustíga og áningarstaða í Súgandisey.

Bréf Kristjáns Kára Jakobssonar

Kristján Kári Jakobsson hefur óskað eftir upplýsingum varðandi veitt leyfi til siglinga nærri arnarhreiðrum. Hann nefndi aukna ásókn í siglingar um Suðureyjar, t.d. í nágrenni Rifgirðinga, Brokeyjar og Öxneyjar þar sem svo hagar til að flest eyjasund eru svo þröng að ekki er hægt að sigla þar í gegn án þess að brjóta friðhelgi netlaga og án þess að valda truflun á lífi sjófugla og annarra dýra á svæðinu. Kristján Kári óskar eftir því í erindi sínu að áður en leyfi til siglinga um þröng eyjasund verði veitt verði landeigendum gefinn kostur á að segja sitt álit um áætlaða siglingaleið skemmtibáta.

Afgreiðsla:

Það er byggt á misskilningi að Breiðafjarðarnefnd hafi gefið Sæferðum leyfi til að fara nær arnarhreiðri en lög leyfa. Breiðafjarðarnefnd annast ekki leyfisveitingar af þessu tagi.

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki upplýsingar um starfsemi Ocean Safari.

Drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar 2011

Drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar 2011 voru lögð fram og breytingar á texta voru gerðar.

Árósasamningurinn

Farið var yfir athugasemdir með frumvarpi til laga vegna fullgildingar Árósasamningsins með tilliti til breytinga sem urðu á 6. grein laga um vernd Breiðafjarðar.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd stefnir á að fara í vettvangsferð um Breiðafjörð um miðjan júlí. Ásgeir Gunnar, Eiríkur og Sigurður munu sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Önnur mál

Fundi var slitið kl. 14:05

Næsti fundur er áætlaður 30. maí 2012.

126. fundargerð Breiðafjarðarnefndar, vinnu- og vettvangsferð 5.-6. júlí 2012.

Mætt: Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Magnús A. Sigurðsson auk Pálma Freys Sigurgeirssonar ritara nefndarinnar. Þorleifur Eiríksson og Guðríður Þorvarðardóttir forfölluðust en fyrir Guðríði mætti Sesselja Bjarnadóttir sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og alþjóðamála í umhverfisráðuneytinu. Þá voru fimm gestir með í för.

Nefndin kom saman við Staðarhöfn á Reykjanesi í Reykhólahreppi. Þaðan var siglt kl. 9:00 fimmtudaginn 5. júlí með Súlunni, farþegabáti Eyjasiglingar undir skipsstjórn Björns Samúelssonar. Þórólfur hafði meðferðis auglýsingu Vegagerðarinnar um drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, auk draganna sjálfra sem á 43 blaðsíðum og sjö yfirlitsmyndum/teikningum lýsa framkvæmdinni og starfsemi sem henni fylgir, því leiðavali sem er til athugunar, framkvæmdasvæðinu, skipulagi og lagalegri umgjörð o.fl.

Athugasemdafrestur við drögin er til 7. ágúst 2012. Ákveðið var að haga siglingunni þannig að hún nýttist sem best til að meta þá vegkosti sem um er að ræða, en vegna legu þeirra fjarri núverandi vegi er hægt að meta þá af sjó þaðan sem besta yfirsýnin yfir vegstæðin stendur til boða.

Frá Staðarhöfn var siglt inn Þorskafjörð með austurströnd Þorskafjarðar á stjórnborða; yst fyrir landi Staðar og Árbæjar, þá Laugalands og Hlíðar. Hlíðar Reykjanesfjalls eru tiltölulega brattar til sjávar og þar má sjá nokkur svonefnd hraun sem ná allt til sjávar, og verða til þegar stórar bergfyllur springa fram úr fjallinu. Undirlendi á hlíðinni er lítið og er hún að sjá lítt snortin. Eftir þessum hlíðarrótum er teiknuð leið I, sem innst liggur um land Hofstaða, þá Hlíðar og loks Laugalands. Hofstaðir er landlítill jörð og í ábúð, og sennilega tilfinnanlegt hversu hátt hlutfall ræktanlegs lands jarðarinnar fer undir vegstæði.

Snúið var við á móts við tóftir Grímkelstaða, sem eru á Hallsteinsnesi í landi Grafar við vestanverðan Þorskafjörð. Þar var gil Grímkelstaðaár áberandi, þar sem það liggur skáhallt út hlíðina. Um gilið eru landamerki milli Grafar og jarðanna Teigsskógs neðantil og Hallsteinsness ofantil. Teigsskógur er lítil jörð, líklega upp 50 hektarar, og var skipt út úr Hallsteinsnesi árið 1932. Jörðin dregur nafn sitt af Teigsskógi, sem þekur stóran hluta hennar. Landamerki jarðarinnar sjást mjög vel af sjó, en þau eru að innanverðu fyrrnefnd Grímkelstaðaá, að utanverðu svonefndar Selkleifar, sem er samhangandi klettabelti frá fjallsbrún og niður undir sjó, og er upp 1000 metrum utan við Grímkelstaðana, og að ofanverðu fylgja merkin símalínu sem lögð hafði verið út Hallsteinsnesið fyrir árið 1932. Símaaurarnir blöstu þarna við okkur og var athyglisvert að sjá hversu mjög þeir sköguðu upp úr kjarrinu Teigsskógi. Rétt ofan við

símastaurana út Hallsteinsnesið er örnefnið Ferðamannagata, sem segir sína sögu.

Einhverra hluta vegna hefur Vegagerðin breytt örnefninu Teigsskógur, sem er eintöluorð, í fleirtöluorðið Teigsskógar, sem er rangt og hreinn tilbúningur. Bæði jörðin og skógurinn á henni bera heitið Teigsskógur, og nær það örnefni ekki út fyrir landamerki jarðarinnar.

Siglt var út með vesturströnd Þorskafjarðar, framhjá tóftum Selsins eða Flókavalla og út undir Grenitrésnes, þar sem þverun Þorskafjarðar samkvæmt leið I kemur að landi í Hallsteinsnesi. Á þeirri leið var siglt fyrir landi þriggja eyðijarða; Grafar, Teigsskógs og Hallsteinsness, sem allar eru löngu farnar úr ábúð, en eru nýttar af eigendum til sumardvalar. Þessu næst var siglt að Ystey, sem er ysta eyjan í mynni Djúpafjarðar og tilheyrir jörðinni Grónesi, og áfram framhjá Grónesi, mynni Gufufjarðar, Melanesi og Skálanesi.

Frá Skálanesi var siglt fyrir mynni Kollafjarðar, Bæjarnes og mynni Kvígindisfjarðar og að landi við Kumbaravog á Svínanesi. Svínanes liggur á milli Kvígindisfjarðar og Skálmarfjarðar og er eyðijörðin Svínanes yst á nesinu, en einnig eru þar tóftir eyðibýlanna Svínanessels inn með Kvígindisfirði og Selskerja inn með Skálmarfirði. Allir voru ferjaðir í land á gúmmíbáti og gengu til bæjar á Svínanesi sem er steinhús og enn uppistandandi en illa farið. Útihús eru flest hrunin eða að hruni komin. Um Svínanes liggur ekki vegur og voru samgöngur við bæinn því að mestu á sjó.

Frá Svínanesi var siglt inn Skálmarfjörð og inn fyrir Selsker þar til komið var á móts við þann stað sem talið er að kotbýlið Urðir á Urðarströnd á Skálmarnesi hafi staðið. Þar var stoppað um hádegisbil og snætt dýrindis hangikjöt frá Stað ásamt meðlæti. Þessu næst var siglt út Skálmarfjörð og út fyrir Haugsnes og eyjar og sker sem tilheyra jörðum á Skálmarnesi eða Múlanesi eins og það er gjarnan nefnt. Jarðir á Múlanesi eru allar í eyði, og hafa eigendur haldið íbúðarhúsum við og nýta þau. Þetta eru jarðirnar Skálmarnesmúli, Hamar, Ingunnarstaðir, Deildará og Fjörður.

Þegar komið var fyrir eyjarnar var siglt inn á Kerlingarfjörð með ströndum Fjarðar, framhjá Eiðinu sem er milli Kerlingarfjarðar og Vattarfjarðar og hvar er ekið upp á Þingmannaheiði að austanverðu, og að mynni Mjóafjarðar. Hafnar eru framkvæmdir á Vestfjarðavegi (60) frá Eiðinu og vestur að þvera í Kjálkafirði. Gert er ráð fyrir að mynni Mjóafjarðar verði þverað og var siglt að þeim stað og aðstæður skoðaðar. Þaðan var siglt út Kerlingarfjörð með austurströnd Litlaness og fyrir Litlanesið inn á Kjálkafjörð innundir þann stað sem Kjálkafjörður verður þveraður, sem er nokkuð sunnan við Skiptá sem skipti merkjum milli Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslna, nú sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Reykhólahrepps. Blasti þar vel við sjónum sá staður sem „skaflinn hans Ómars Ragnarssonar“ lokaði Vestfjarðavegi langt fram á

sumar árið 1995, en þverun Kjálkafjarðar er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Siglt var út með vesturströnd Kjálkafjarðar sem öll er í landi jarðarinnar Auðshaugs, sem er austasta jörð í Vesturbyggð og er enn byggð. Þegar komið var fyrir Hamarshyrnuna og út á Hjarðarnesið blasti við bærinn Fossá og vegurinn upp Fossárdalinn sem áður tengdi bæinn við Þingmannaheiðarveginn. Þessu næst var siglt umhverfis Engey sem er í mynni Vatnsfjarðar og heyrir undir Brjánslæk, og þaðan inn á Vatnsfjörð framhá Hörgsnesi og innundir Helluhólma. Góð sýn fékkst á þessari leið á nýjan veg frá Þverá í Kjálkafirði um Hjarðarnes og Hörgsnes og inn með strönd Vatnsfjarðar að Þingmannaá.

Að þessu búnu var siglt í land á Brjánslæk. Við höfnina á Brjánslæk er eitt af upplýsingaskiltunum sem Breiðafjarðarnefnd hefur látið útbúa og komið fyrir við ferjuhafnirnar þar og í Stykkishólmi og Flatey. Á Brjánslæk tók Haraldur Bjarnason í Haga í móti ferðalöngum og ók okkur að Hótel Flókalundi þar sem var gist. Hótelið er í landi eyðijarðarinnar Hellu og þar er heit laug í flæðarmálinu, sem var skoðuð.

Að afloknum morgunverði föstudaginn 6. júlí fundaði nefndin í Flókalundi og voru tekin fyrir drög Vegagerðarinnar að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, sem fyrr eru nefnd og dagsett eru 4. júlí 2012. Auk nefndarmanna og ritara sat Sesselja Bjarnadóttir fundinn. Var farið yfir sýn nefndarmanna á tillögurnar í ljósi fyrri umfjöllunar nefndarinnar um vegagerð á þessu svæði og þeirrar skýru myndar sem nefndarmenn fengu af legu þeirra leiða sem um er að ræða í siglingunni daginn áður.

Í því ljósi var rætt að óþarft væri að jarðgöng samkvæmt leið D1 færu áfram í tillögu að matsáætlun, enda hafa bæði Breiðafjarðarnefnd og sveitarfélögin við norðanverðan Breiðafjörð andmælt því að Vestfjarðavegur liggi áfram yfir Ódrjúgsháls. Að auki hefur Breiðafjarðarnefnd talið að of mikil neikvæð umhverfisáhrif séu því samfara að leggja veginn yfir sjávarfitjarnar fyrir botni Djúpafjarðar og gera langan og mjög áberandi sneiðing út og upp Miðhúsahlíðina til að komast upp á Ódrjúgsháls.

Að sama skapi var um það rætt að rétt væri að leggja til að leið B1 ofan Teigsskógar á Hallsteinsnesi með þverun Þorskafjarðar við Kinnarstaði verði bætt við sem einni þeirra leiða sem fari í matsáætlunina. Augljóst væri að hún uppfyllti best þær kröfur sem gerðar væru til láglandisvegar á þessum slóðum, hún væri mun ódýrari framkvæmd en ný leið I um austanverðan Þorskafjörð, auk þess sem hún væri tilgreind sem framtíðar vegstæði Vestfjarðavegar í nýsamþykktu aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Rætt var um að gera tillögu um það á fundinum 17. júlí nk. að leiðir B1, I og H yrðu þær leiðir sem færu í mat á umhverfisáhrifum. Fleira var ekki tekið fyrir á þessum fundi.

Um kl 9:30 var lagt af stað í rútu frá Sveini á Staðarfelli um Vestfjarðaveg frá Flókalundi til baka að Stað á Reykjanesi. Nú fékkst sjónarhorn frá landi til mótvægis við sjónarhornið af sjó daginn áður. Þegar á Klettsháls var komið var ekið niður í Kvígindisfjörð og út fjörðinn austanverðan um land Kirkjubóls á Bæjarnesi, fyrir Bæjarnesið og að Bæ, sem er Kollafjarðarmegin á Bæjarnesi innanvert gegnt Kleifastöðum. Að Bæ tóku hjónin Hjalti Einarsson og Kristjana G. Jóhannesdóttir á móti hópnum og buðu upp á kaffi á veröndinni og sýnisferð um íbúðarhúsið sem var byggt árið 1938.

Að heimsókninni í Bæ lokinni var ekið sem leið lá til Reykhóla þar sem báta- og hlunnindasýningin var skoðuð undir leiðsögn Hörpu Eiríksdóttur ferðamálafulltrúa Reykhólahrepps. Loks var ekið áfram út Reykjanesið og að Staðarhöfn þar sem ferðinni lauk um kl. 16:30.

127. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. júlí 2012 í í umhverfisráðuneytinu, Skuggasundi 1, Reykjavík

Mætt: Guðríður Þorvarðardóttir formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þorleifur Eiríksson og Þórólfur Halldórsson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 125. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Fundargerð 126. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Vestfjarðavegur (60) Bjarkalundur-Melanes, kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Vegagerðin hefur sent framanskráð drög og óskað eftir athugasemdum og ábendingum um eitthvað sem vantar eða mætti betur fara í drögunum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að halda eigi inni leið B1 ofan Teigsskógar á Hallsteinsnesi þar sem veglínu hefur verið hnikað til, þ.e. færð ofar í landið. Nefndin telur að leið D1 sem liggur yfir sjávarfitjar fyrir botni Djúpafjarðar og árósa Djúpadalsár hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif og hefur Breiðafjarðarnefnd áður gert alvarlegar athugasemdir við þá veglínu.

Tillaga Breiðafjarðarnefndar er sú að aðeins leiðir B1, H og I fari í mat á umhverfisáhrifum.

Nefndin leggur áherslu á að vandað verði til verka m.t.t. örnefna sem er mikilvægur menningararfur og einnig að gera þurfi með samræmdari hætti grein fyrir jörðum á framkvæmdasvæðinu og áhrifa sem framkvæmdirnar kunna að hafa á starfsemi sem þar fer fram. Taka þarf fram hvaða jarðir eru enn í ábúð eða eru nýttar í tengslum við búskap.

Tölvupóstur Ingveldar Eypórsdóttur, formanns Framfarafélags Flateyjar dags. 21. maí 2012

Ingveldur Eypórsdóttir, formaður Framfarafélags Flateyjar skorar á Breiðafjarðarnefnd að beita sér fyrir könnun á þolmörkum Flateyjar vegna aukinnar umferðar ferðamanna. **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd telur að vísa eigi erindinu til Umhverfisstofnunar og Ferðamálastofu.

Tölvupóstur Kjartans Eggertssonar dags. 2. maí 2012

Breiðafjarðarnefnd barst afrit af pósti Kjartans Eggertssonar til Fiskistofu þar sem verulegar athugasemdir eru gerðar við leyfi til kræklingaræktar í löndum Fremri-Langeyjar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Pálmi lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála Breiðafjarðarnefndar 2012.

Önnur mál

Þorleifur óskaði eftir sérstakri bókun varðandi húsið í Garpsdalsey sem hann telur vera eins áberandi og hægt er. Húsið fylgir engum íslenskum hefðum um byggingar í Breiðafirði. Það er úr ljósgulum viði í norskum stíl með lágu risi og verönd. Breiðafjarðarnefnd hafnaði byggingu hússins vegna stærðar sbr. ákvörðun á fundi nefndarinnar þann 11. mars 2010. Húsið er slæmt fordæmi um byggingar í Breiðafirði.

Sverrir Jakobsson, sagnfræðingur hefur sent upplýsingar um fyrirhugað málþing um sögu Breiðafjarðar sem haldið verður á Hótel Stykkishólmi dagana 24.-25. ágúst næstkomandi. Að málþinginu stendur hópur fræðimanna sem eiga aðild að verkefninu „Saga Breiðafjarðar“ og er málþingið opið öllum.

Þórólfur vakti athygli á breytingu á lögum um vernd Breiðafjarðar vegna nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (134.gr.) í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2.

másl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélögin sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.

Svava Lóa Stefánsdóttir óskaði eftir upplýsingum um fjölda ferðamanna og tölfræðilegar upplýsingar um ferðaþjónustu á Breiðafjarðarsvæðinu. Svövu hefur verið vísað á að hafa samband við Ferðamálastofu, ferðamálafulltrúa sveitarfélaganna og ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu.

Fundi var slitið kl. 13:30

128. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. nóvember 2012 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður og Þórólfur Halldórsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:40.

Breiðafjarðarnefnd skipuð 10. október 2012

Þann 10. október sl. skipaði umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir í Breiðafjarðarnefnd til næstu fjögurra ára. Í nefndinni sitja nú:

Formaður skipaður án tilnefningar
Halla Steinólfsdóttir, formaður
Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður

Frá Fornleifavernd ríkisins
Magnús A. Sigurðsson
Agnes Stefánsdóttir varamaður

Frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða
Trausti Baldursson

Róbert Arnar Stefánsson varamaður

Frá Héraðsnefnd Snæfellinga
Erla Friðriksdóttir

Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður

Frá Reykhólahreppi
Eiríkur Snæbjörnsson
Signý Magnfríður Jónsdóttir varamaður

Frá Dalabyggð
Sigurður Þórólfsson

Hugrún Hjartardóttir varamaður

Frá Vesturbyggð

Arnheiður Jónsdóttir

Þórólfur Halldórsson varamaður

Fundargerð 127. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Svæðisgarður á Snæfellsnesi

Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness og stýrihópur svæðisgarðsins leita eftir ábendingum og tillögum varðandi nálgun og helstu forsendur áætlunargerðarinnar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar tillögu um svæðisgarð á Snæfellsnesi. Vegna tengsla svæðisgarðsins/svæðisskipulagsins við verndarsvæði Breiðafjarðar bendir Breiðafjarðarnefnd á mikilvægi þess að við gerð svæðisskipulagsins verði þeir hlutar sveitarfélaganna sem ná til sjávar teknir með við gerð svæðisskipulagsins.

Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar við gerð skipulagsáætlana. Benda má á Æðarræktarfélag Snæfellinga sem hagsmunaaðila.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Pálmi lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála Breiðafjarðarnefndar 2012.

Önnur mál

Málþing um sögu Breiðafjarðar haldið í Stykkishólmi 24. ágúst sl.

Á málþingið mættu frá Breiðafjarðarnefnd Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson og Pálmi Freyr Sigurgeirsson ritari. Þórólfur Halldórsson tók saman minnisblað um málþingið.

Þórólfur Halldórsson lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Með bréfi dags. 10. október 2012 skipaði Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra Breiðafjarðarnefnd til næstu fjögurra ára. Ráðherrann ákvað upp á sitt eindæmi, og án samráðs við sveitarfélög sem tilnefna fulltrúa til setu í nefndinni samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar, að breyta tilnefningum tveggja þeirra þannig að tilnefndir aðalmenn voru skipaðir varamenn og tilnefndir varamenn skipaðir aðalmenn. Ákvörðunin var ekki rökstudd í skipunarbréfum, hvorki almennt né hvers vegna þessum tilteknu tilnefningum var breytt, en ekki einhverjum hinna.

Með bréfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 17. október 2012 mótmæltu Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur þessari ákvörðun ráðherra, en saman tilnefna sveitarfélögin einn fulltrúa í nefndina fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu. Jafnframt kröfðust sveitarfélögin rökstuðnings fyrir ákvörðun ráðherra.

Með svarbréfi dags. 29. október 2012 færir umhverfis- og auðlindaráðherra þau rök fyrir ákvörðun sinni að hún sé tekin með vísan til 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Því er mótmælt að ráðherra hafi verið heimilt að víkja frá tilnefningum sveitarfélaganna eins og hér stóð á. Jafnframt, að með því hafi ráðherra vegið að sjálfstjórn sveitarfélaganna sem tryggð er samkvæmt stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga. Ráðherra hafi verið í lófa lagið að ná fram markmiðum um hlutfall kynjanna í Breiðafjarðarnefnd með því að beina tilmælum þar að lútandi til þeirra stofnana ríkisins sem tilnefna fulltrúa í nefndina. Í því sambandi vekur sérstaka athygli að stofnanir sem heyra undir ráðuneyti ráðherrans, skuli einar

tilnefnenda komast upp með að tilnefna karl bæði sem aðalman og varamann.

Þá vekur málsmeðferð ráðherrans furðu, og ber þess ekki merki að honum sé kunnugt um tilvist stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og þeirra skýru meginreglna um jafnræði, meðalhóf, andmælarétt o.fl. sem þar er að finna og eiga við um stjórnvaldsákvarðanir líkt og þá sem hér um ræðir.

Fundi var slitið kl. 14:00. Næsti fundur verður haldinn 12. desember 2012.

129. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. desember 2012 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Erla Friðriksdóttir boðaði forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 128. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Örnefnaskráning í Dalabyggð

Lögð voru fram gögn um örnefnaskráninguna í Dalabyggð ásamt greinargerð frá Huldu Birnu Albertsdóttur.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd óskar eftir að Náttúrustofa Vestfjarða leggi fram áætlun um hvernig ljúka megi örnefnaskráningu fyrir árið 2012 í samræmi við samning við nefndina.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Pálmi lagði fram fjárhagsstöðu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2012. Breiðafjarðarnefnd samþykkir að ráðstafa af fjárheimild ársins 2012, 1.000.000 kr. í að ljúka verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og 500.000 kr. til Háskólaþess Snæfellsness vegna vinnu við bækling um hlunnindanýtingu við Breiðafjörð. Að auki 500.000 kr. til Náttúrustofu Vestfjarða vegna örnefnaskráningar í Dalabyggð.

Ástandsskýrsla friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun er að vinna að gerð ástandsskýrslu friðlýstra svæða 2012 og leitar til Breiðafjarðarnefndar vegna upplýsinga um friðlýstu svæðin á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á að þau friðlýstu svæði sem nefnd eru í beiðni Umhverfisstofnunnar eru ekki í umsjón Breiðafjarðarnefndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig vísar nefndin í bréf til Umhverfisstofnunar frá Breiðafjarðarnefnd vegna sömu fyrirspurnar frá fyrra ári. Nefndin vill benda á að gefnir hafi verið út 2 bæklingar; *Náttúra og saga Breiðafjarðar* og *Fuglalíf á Breiðafirði* á íslensku og ensku. Árið 2011 stóð nefndin að gerð upplýsingaskilta um Breiðafjörð sem sett voru upp í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk.

Fundi var slitið kl. 14:30. Næsti fundur er áætlaður 9. janúar 2013.